

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um áhöfn í almenningssflugi, nr. 180/2014.

1. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

17. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2076 frá 24. júlí 2024 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1178/2011 og (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar nánari skýringu á kröfum varðandi aðstoðarflugmenn sem leysa af í farflugi, uppfærslu krafna varðandi veitingu flugliðaskírteina og heilbrigðisvottorða, og úrbætur á sviði almannaflegs, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2025 frá 7. febrúar 2025, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33 frá 22. maí 2025, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 83. gr., 93. gr. og 115. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 1. júlí 2025.

F. h. r.

Árni Freyr Stefánsson.

Vala Hrönn Viggósdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 15. júlí 2025